

2311. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 29. maí 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson varaformaður, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Unnar Stefán Sigurðsson, Þorkell Máni Pétursson, Sveinn Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson.

Forföll: Halldór Breiðfjörð Jóhannsson.

Mættir starfsmenn: Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri, Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri, Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur, Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.

- Fundargerð 2310.
- Fundargerð aukastjórnarfundar 9. maí 2024.
- Fundargerð Fjárhagsnefndar.
- Fundargerð Dómaranefndar.

2. Fjármál.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ tók sæti á fundinum, kynnti þriggja mánaða uppgjör, fór yfir umsókn til FIFA og kynnti hugmyndir að gjaldskrárbreytingum.

- Þriggja mánaða uppgjör kynnt.
- FIFA Forward styrkur. *Stjórn KSÍ samþykkti að sækja um styrk til FIFA í samræmi við tillögu fjármálastjóra að upphæð 1.550.000 USD fyrir tímabilið 2024-2026.*
- Gjaldskrárbreytingar - Námskeið, sektir og önnur mótagjöld. *Stjórn samþykkti gjaldskrárbreytingar í samræmi við tillögur fjármálastjóra.*

Bryndís Einarsdóttir vék af fundi.

3. Skipan í nefndir og starfshópa.

Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi skipan í nefndir og starfshópa.

- Knattspyrnu- og þróunarnefnd: Pálmi Haraldsson, formaður, Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, Ásthildur Helgadóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Daði Rafnsson og Davíð Snorri Jónasson. Starfsmaður Arnar Bill Gunnarsson.
- Starfshópur um kynjajafnrétti innan knattspyrnuhreyfingarinnar: Tinna Hrund Hlynsdóttir formaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Haukur Hinriksson, Klara Bjartmarz, Anna Þorsteinsdóttir, Ingigerður Bjarndís Írisar Ágústsdóttir, Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ, Birgir Jóhannsson framkvæmdastjóri ÍTF, ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Starfshópur um heiðursviðurkenningar: Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Gísli Gíslason, Klara Bjartmarz, Sif Atladóttir, Víðir Sigurðsson og Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ. Starfsmaður Ragnheiður Elíasdóttir.

4. Lög og reglugerðir.

- Starfshópur um viðbragðsáætlun. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ tók sæti á fundinum og kynnti vinnu starfshóps um viðbragðsáætlun - greiningu, niðurstöður og tillögur. *Starfshópur um viðbragðsáætlun er þakkað fyrir þá vinnu sem innt hefur verið af hendi og frekari umræðu stjórnar um málið er frestað til næsta stjórnarfundar þann 12. júní.*
- Reglugerð um Mannvirkjasjóð, staða og framhald. *Umræðu frestað til næsta fundar.*

- c. Þingskjal 14 frá ársþingi 2023 - Tillaga til ályktunar, flóðlýsing. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ fór yfir ályktunartillöguna, sem samþykkt var á ársþingi 2023, og stöðu mála gagnvart mannvirkjum og reglugerðum. Rætt um áhrif tillögunnar, mögulegan kostnað við framkvæmdir, afstöðu sveitarfélaga og fleira. *Stjórn samþykkti að óska eftir fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga til ræða málið.* Haukur Hinriksson vék af fundi.
5. Móta- og dómaramál.
- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir mótamál almennt. Ræddar voru ýmsar áskoranir tengdar vallarmálum á fyrstu mánuðum knattspyrnusumarsins.
- b. Jörundur Áki Sveinsson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir dómaramál almennt.
6. Ályktun frá degi barna- og unglingaráða.
- a. Lögð fram ályktun frá degi barna og unglingaráða sem haldinn var í apríl og þótti takast vel. *Stjórn KSÍ þakkar þátttakendum fyrir góða vinnu og tillögur.*
7. Norrænt samstarf.
- Jörundur Áki Sveinsson framkvæmdastjóri KSÍ fór almennt yfir ýmsa fleti á samstarfi knattspyrnusambandanna á Norðurlöndum. Samstarfið er gott og víðtækt og því verður haldið áfram. Norðurlandafundur formanna og framkvæmdastjóra verður haldinn í Danmörku í ár og á Íslandi 2025.
8. Landsliðsmál.
- a. Rætt um samninga við leikmenn A landsliða. Jörundur Áki Sveinsson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir stöðu mála og næstu skref. Samningaviðræður hafa staðið yfir um nokkurt skeið og stefnt er á að ljúka þeim viðræðum sem allra fyrst. *Stjórn KSÍ áréttar að jafnréttissjónarmið séu áfram höfð í hávegum þegar samið er við A landslið kvenna og karla.*
- b. Jörundur Áki Sveinsson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir næstu verkefni landsliða og ýmislegt tengt komandi landsliðsverkefnum. A landslið kvenna mætir Austurríki í tveimur leikjum í undankeppni EM, útileik í lok maí og heimaleik í byrjun júní, A landslið karla mætir Englandi og Hollandi í vináttuleikjum ytra í júní.
9. Önnur mál.
- a. Orri Vignir Hlökkversson formaður ÍTF fór yfir fréttir af vettvangi ÍTF, móta- og markaðsmál og fleira.
- b. Formaður KSÍ fór yfir nýjustu fréttir af málefnum Laugardalsvallar og greindi m.a. frá nýlegum og jákvæðum fundi KSÍ og FRÍ með fulltrúum ríkis og borgar varðandi endurbætur á Laugardalsvelli og framtíð leikvangsins. Vonir standa til að hægt verði að taka fyrstu skref í endurbótum á þessu ári.
- c. Rætt um staðsetningu ársþings KSÍ 2025. *Stjórn KSÍ samþykkti að þingið yrði haldið á Hilton Reykjavík Nordica hóteli 22. febrúar 2025.*

Fundi slitið kl. 19:05

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næsti stjórnarfundur verður 12. júní.